

15. fundur atvinnumálanefndar Skaftárhrepps, kjörtímabilið 2018 – 2020, haldinn þann 19.nóvember 2019, kl. 10:00, á Kirkjubæjarstofu. Viðstaddir eru undirritaðir fulltrúar nefndarinnar ásamt atvinnufulltrúa Skaftárhrepps.

Dagskrá fundarsins er

1. Beiðni sveitarstjórnar um umsögn vegna erindi Harðar Davíðssonar vegna „málsnúmer 191004 skorts á leiguhúsnæði“ af fundi sveitarstjórnar þann 31.10.19
2. Beiðni sveitarstjórnar um umsögn vegna „málsnúmer 1904001 – endurskoðun aðalskipulags 2020-2032“ frá fundi sveitarstjórnar þann 31.10.19
3. Önnur mál

-
1. **Beiðni sveitarstjórnar um umsögn vegna erindi Harðar Davíðssonar vegna „málsnúmer 191004 skorts á leiguhúsnæði“ af fundi sveitarstjórnar þann 31.10.19**

Hörður Davíðsson greinir frá erindi sínu á símafundi. Hann lýsir yfir áhyggjum af húsnæðisskortri í sveitarfélaginu. Hann kemur með tillögu að bráðabirgðahúsnæði til ca 10 ára. Hann stingur upp á að útvega lóð að Sólvöllum, þar sem hægt væri að koma upp ca 10-15 húsnæðum. Þar er aðgangur að vatni og rafmagni. Húsin yrðu færanleg, ca 40 fermetra einingar. Að lóðatímabilinu loknu (10 ár) myndi eigandi getað ráðstafað húsinu. Gert er ráð fyrir að leigjandi að lóðinni kaupi fasteignina.

Á Klaustri eru að minnsta kosti 18 mánuðir lágmark þar til húsnæði býðst. Núna eru fjölskyldur sem eru svo gott sem húsnæðislaus en vinnur á svæðinu, er með tímabundið húsnæði til vors en hvað svo?

Atvinnunefnd fagnar tillögu hans til að koma til móts við húsnæðisskortinn í hreppnum. Hvetjum hann til að vinna hugmyndina áfram og skoða skipulagsmál frekar með skipulags- og byggingarfulltrúa.

Nefndin vill leggja áherslu á að uppbygging sé æskilegust innan þéttbýlisins svo ekki þurfi að grípa til bráðabirgðalausna.

2. **Beiðni sveitarstjórnar um umsögn vegna „málsnúmer 1904001 – endurskoðun aðalskipulags 2020-2032 frá fundi sveitarstjórnar þann 31.10.19**

Atvinnumálanefnd þakkar fyrir greinargóða skýrslu á endurskoðun aðalskipulags. Nefndin vill þó benda að taka mætti tillit til veru sveitarfélagsins innan Kötlu UNESCO jarðvangs og Vatnajökulsþjóðgarðs.


Í skýrslunni er talað um að þriggja fasa rafmagn sé komið í sveitarfélaginu. Sú staðhæfing teljum við að sé röng þar sem víða er það ekki komið á en verið er að vinna í þeim málum.

3. Önnur mál

Atvinnumálanefnd hyggst nýta sér atvinnumálafulltrúa til að sá fræjum til atvinnusköpunar.
Vekja athygli á vannýttum tækifærum innan sveitarfélagsins.

Fundi slitið kl. 12.30


Sveinn Hreiðar Jensson (sign)




Rúnar Þorri Guðnason (sign)



Guðundur Vignir Steinsson (sign)



Rannveig Ólafsdóttir (sign)



Þuríður Helga Benediksdóttir (sign)

